

REGLUGERÐ UM DÓMARARÉTTINDI OG DÓMARARPRÓF Í GLÍMU

1. grein

- 1.1 Dómararéttindi í glímu hlýtur sá sem sækir dómarnámskeið sem viðurkennt er af stjórn GLÍ og stenst dómarapróf að námskeiðinu loknu.
- 1.2 Rétt til að sækja dómarnámskeið hafa allir þeir sem eru fullra 18 ára.
- 1.3 Starfandi dómarar skulu eiga þess kost að sækja dómarnámskeið til að endurnýj þekkingu sína í öllu því sem viðkemur dómarastörfum. Ef um formlegt dómarnámskeið er að ræða er æskilegt að þeir gangist undir próf.

2. grein

- 2.1 Stjórn GDÍ ber að sjá til þess að dómarnámskeið séu haldin öðru hverju að eigin frumkvæði eða fyrir áeggjan stjórnar GLÍ.
- 2.2 Stjórn GDÍ getur sjálf séð um þau, eða tilnefnt námskeiðsnefnd. Í öllum tilvikum staðfestir stjórn GLÍ tilnefningu kennara á dómarnámskeið.

3. grein

- 3.1 Kennsla á námskeiðunum skal vera bæði bókleg og verkleg. Kenna skal það efni sem tekið er til prófs.

4. grein

- 4.1 Dómaraefni skulu gangast undir eftirtalin próf:
- 4.2 A Skriflegt próf í glímulögum og þeim reglugerðum sem dómarar og glímustjórar þurfa að kunna skil á.
- 4.3 B Verklegt próf í starfi glímustjóra, ritara og tímavarða.
- 4.4 C Verklegt próf í starfi yfir- og meðdómara, með því að dæma leikin tilvik og brot sem geta komið fram í kappglímu; einnig í starfi eftirlitsdómara.

5. grein

- 5.1 Einkunnir í hverju prófi skulu gefnar á bilinu frá 0 til 10. Próftaki stenst prófið ef hann fær ekki undir 8,0 fyrir lið A í 4. grein, ekki undir 7,0 fyrir liði B og C og aðaleinkunn ekki lægri en 8,0. Aðaleinkunn skal reiknuð þannig að liður A vegi 50%, liður B 20% og liður C 30%.
- 5.2 Próftaka sem fær undir lágmarkseinkunn skal gefinn kostur á að endurtaka prófið en þó ekki í fleiri en 2 liðum af 3 (A, B eða C).

6. grein

- 6.1 Að prófinu loknu fá þeir sem það standast afhent dómaraskírteini árituð af formanni GLÍ.
- 6.2 Skírteinin gilda til tveggja ára og endurnýjast í samræmi við réttindi á hverjum tíma, hafi dómari stundað dómarastörf á tímabilinu, sbr. 6. grein og 8. grein.
- 6.3 Dómarapróf gefur réttindi til starfa að loknu prófi. Réttindi glímudómara eru flokkuð í “A”, “B”, “C” og “D” með eftirfarandi hætti:
 - 6.3.1 “D” réttindi hafa dómarar í tvö ár og veita þau meðdómararétti í héraði. Dómari með “D” réttindi þarf að minnsta kosti að dæma á tveim héraðsmótum og yfir 150 viðureignir alls á héraðsmótum og öðrum mótum (grunnskólamót, innanfélagsmót). Heimilt er að uppfylla skilyrðin á einu ári. Að uppfylltum skilyrðum fá dómarar “C” réttindi.

- 6.3.2 “C” réttindi hafa dómara í tvö ár og veita þau yfirdómararéttindi í héraði. Dómari með “C” réttindi þarf að minnsta kosti að dæma sem yfirdómari á tveim héraðsmótum og dæma yfir 80 viðureignir og 200 viðureignir alls sem yfirdómari eða meðdómari á héraðsmótum og öðrum mótum (grunnskólamót). Heimilt er að uppfylla skilyrðin á einu ári. Að uppfylltum skilyrðum fá dómara “B” réttindi.
- 6.3.3 “B” réttindi hafa dómara í tvö ár og veita þau meðdómararéttindi á landsmótum. Dómari með “B” réttindi þarf að minnsta kosti að dæma á þrem landsmótum og dæma yfir 250 viðureignir á landsmótum, fjórðungsglímum og héraðsmótum. Heimilt er að uppfylla skilyrðin á einu ári. Að uppfylltum skilyrðum fá dómara “A” réttindi.
- 6.3.4 “A” réttindi veita full landsdómararéttindi og þar með til að starfa sem yfirdómari á landsmótum. Landsdómari með “A” réttindi þarf að dæma yfir 100 viðureignir sem yfirdómari á þrem landsmótum og að minnsta kosti dæma yfir 300 viðureignir alls á landsmótum og öðrum mótum sem yfirdómari og meðdómari.
- 6.4 Dómari með “A”, “B” eða “C” réttindi heldur áunnum réttindum nái hann að minnsta kosti 50% af viðmiðunarmörkum flokksins að meðaltali á ári miðað við síðustu tvö ár.
- 6.5 “D” réttindum halda dómara dæmi þeir að minnsta kosti sem svarar $\frac{1}{4}$ viðureigna sem krafist er í þeim flokki á hverjum 2 árum.
- 6.6 Að minnsta kosti 50% dæmdra viðureigna þurfa að vera í flokkum fullorðina til þess að dómari haldi áunnum réttindum eða færist upp um flokk (þetta ákvæði á ekki við um “C” og “D” flokka).
- 6.7 “E” réttindi: Sá er útskrifast af leiðbeinendanámskeiði fyrir glímu en hefur ekki tekið glímudómarapróf fær dómaraskírteini með “E” réttindum, sem gildir til tveggja ára. Hafi hann ekki stundað dómgæslu í tvö ár eða dæmi minna en 25 viðureignir á tveim árum falla réttindin úr gildi. “E” skírteini veitir réttindi til að vera meðdómari á innanfélagsmótum. Einnig veitir “E” skírteini rétt til að dæma sem meðdómari á héraðsmótum og á landsmótum í flokkum 16 ára og yngri en sækja þarf um heimild um slíkt til GDÍ fyrir hvert mót.
- 6.8 Eftirlitsdómari telur eins og meðdómari á mótinu. Aðeins A-dómara geta verið eftirlitsdómara.
- 6.9 Glímustjóri með dómararéttindi, telur helming af viðureignum meðdómara í þeim flokkum sem hann stjórnar.

7. grein

- 7.1 Stjórn GDÍ skal taka saman skrá yfir glímudómara og réttindi þeirra um hver áramót og byggir á Glímuárbók tveggja síðustu ára (þ.e. nýliðins árs og næst síðasta árs). Dómaraskrá skal tilkynna til stjórnar GLÍ.

8. grein

- 8.1 Dómara, sem ekki uppfylla kröfur einstakra flokka falla niður um flokk með sama hraða og þeir vinna sig upp um flokk (meginreglan er 2 ár), sbr. 6. grein..
- 8.2 Glímudómari, sem ekki dæmir viðureignir á tilgreindum mótum í 6. grein (aðeins landsmót, fjórðungsglímur og héraðsmót telja). í þrjú ár í röð missir réttindi sín og þarf að sækja dómaranámskeið og gangast undir dómarapróf að nýju.

- 8.3 Ef dómari sýnir áberandi vanhæfni í starfi, eða gerist brotlegur við dóms- og refsíákvæði ÍSÍ, ber stjórn GLÍ að svipta hann dómararéttindum að fenginni umsögn stjórnar GDÍ.

9. grein.

- 9.1. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest 1. jan. 1966 / Breytt 2. maí 1988 / 3. október 1993/ 12. desember 2002/
1. des 2010.